



# Ytra mat Hraunvallaskóli

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbæ.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Birna Sigurjónsdóttir.

© Menntamálastofnun, 2016.

ISBN 978-9979-0-2085-1

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Stjórnun . . . . .	5
Nám og kennsla . . . . .	5
Innra mat . . . . .	6
Teymisvinna . . . . .	6
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Aðferðir og framkvæmd . . . . .	7
Hraunvallaskóli . . . . .	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi . . . . .	8
Stefna skólans . . . . .	9
Starfsmenn . . . . .	10
Nemendur . . . . .	10
Árangur náms . . . . .	10
Starfstími . . . . .	14
Sérfræðipjónusta . . . . .	14
Niðurstöður . . . . .	15
Svið I – Stjórnun . . . . .	15
Fagleg forysta . . . . .	15
Stefnumótun og skipulag . . . . .	17
Samskipti heimila og skóla . . . . .	19
Svið II – Nám og kennsla . . . . .	21
Nám og námsaðstæður . . . . .	21
Þátttaka og ábyrgð nemenda . . . . .	24
Námsaðlögun . . . . .	25
Svið III – Innra mat . . . . .	27
Framkvæmd innra mats . . . . .	27
Umbótastarf í kjölfar innra mats . . . . .	28
Svið IV – Teymisvinna . . . . .	29
Styrkleikar og tækifæri til umbóta . . . . .	32
Frekari greining . . . . .	35
Greining kennslustunda . . . . .	36
Heimildir . . . . .	38



## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Hraunvallaskóla sem fór fram á haustönn 2016. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *teymiskennsla*.

### Stjórnun

Stefna skólans, bæði einkunnarorð og sérstaða hans eru skýrt fram sett á heimasíðu. Sérstaðan felst ekki síst í „opnum skóla“ og teymiskennslu/parakennslu. Verkaskipting stjórnenda er skýr og miðlun upplýsinga þeirra á milli er regluleg.

Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans, sveitarfélags og aðalnámskrár og samræmi er milli hennar og umbótaáætlunar skóla. Skólanámskrá og starfsáætlun endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins, þar koma fram þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá.

Skólaráð fundar reglulega og er virkur samráðsaðili í stefnumörkun skólans og fjallað er um markmið og hlutverk foreldrafélags í starfsáætlun skólans.

Samstarf í skólanum einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Leiðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag eru m.a. mótaðar í tengslum við SMT-skólafærni.

Vinna þarf að því að kennarar samræmi hversu reglulega og hvers konar upplýsingar foreldrar fá í gegnum Mentor. Huga að því að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólanámskrár m.a. að nemendur og foreldrar eigi þar aðkomu í vissum atriðum t.d. varðandi skólareglur. Kjósa þarf nemendur í skólaráð til tveggja ára í senn eins og reglugerð kveður á um. Leita þarf allra leiða til að ráða kennara til starfa sem hafa til þess lögbundna menntun.

### Nám og kennsla

Skólanámskrá er skýrt fram sett og endurskoðuð reglulega. Þar er grunnþáttum menntunar gerð skil í námsvísium. Kynna þarf námsvísa vel fyrir nemendum og foreldrum svo þeir verði virkir í námi nemenda. Með teymis- og paravinnu er mikið samstarf kennara innan árganga og fagleg ígrundun sem kemur námi nemenda til góða. Ákjósanlegt væri að efla þá kennsluhætti enn frekar svo þeir leiði til markvissrar, skilgreindrar teymiskennslu á öllum stigum. Námsmat er fjölbreytt, tengist markmiðum náms og þarfa nemenda. Hæfniviðmið hafa verið innleidd í unglingsdeild.

Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum og nemendur á unglingsstigi eiga kost á fjölbreyttum valfögum. Lögð er áhersla á fræðslu um lýðræði m.a. í skólabyrjun á unglingsstigi í viku auk þess sem leiðtogaþjálfun, hluti af samfélagsfræði á sama stigi, tengist því.

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og greiningar og skimanir nýttar til að finna þá sem þurfa sérstaka aðstoð. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólalaginu og skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.

Leita þarf allra leiða til að auka árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum. Huga þarf að enn meiri fjölbreytni kennsluhátta m.a. að gera umræðum og skoðanaskiptum hærra undir höfði í náminu og efla samvinnu. Þrengsli í opnum rýmum skerða tækifæri til að koma til móts við fjölbreyttar og ólíkar þarfir nemenda.

## Innra mat

Fyrir liggur áætlun um innra mat yfirstandandi skólaárs og hún er birt í starfsáætlun. Í starfsáætlun er einnig fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf og þar er greinargerð um innra mat skólans á liðnu skólaári. Verkáætlun um umbætur í innra mati er í starfsáætlun skólans og fyrir liggur langtímaáætlun í umbótum til þriggja ára.

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna í innra mati og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Allar áætlanir um innra mat og umbætur í kjölfar niðurstaðna eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.

Gera þarf langtímaáætlun um innra mat þar sem fram kemur að allir þættir skólanámskrár séu metnir reglulega. Æskilegt er að skipa matsteymi sem fulltrúar allra hagsmunaaðila eiga aðild að, þ.e. stjórnendur, kennarar, annað starfsfólk, foreldrar og nemendur. Í umbótaáætlun þarf að tilgreina hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

## Teymisvinna

Skólinn hefur innleitt teymisvinnu í öllum árgöngum og kennarar í list- og verkgreinum, íþróttum og sérkennslu vinna einnig saman í teymum. Í teymunum skapast tækifæri til umræðu og ígrundunar sem styrkir nám nemenda og auðveldara er að nýta hæfileika og ólíka styrkleika kennara fyrir fleiri nemendur. Verið er að þróa teymiskennslu sem parakennslu eða paraumsjón í 1.–7. bekk þar sem tveir umsjónarkennara deila umsjónarábyrgð á tveimur bekkjum. Mikilvægt er að nýta teymiskennsluna til að skapa fjölbreytta kennsluhætti, sveigjanlega hópaskiptingu og til að efla markvissa samvinnu nemenda enn frekar. Einnig þarf að kynna vel fyrir foreldrum markmið og tilgang teymiskennslunnar.

## Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Hraunvallaskóla. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Birnu Sigurjónsdóttur og fór fram á vettvangi 14.–18. nóvember, 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Hraunvallaskóla voru fjórir þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og teymiskennsla. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var *teymiskennsla*. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007–2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013.

## Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi. Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá undanförunum árum. Engar heildarúttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fyrir vettvangsheimsókn voru sendar kynningar á matinu, glærur með tali, þar sem forsendur matsins voru kynntar sem og framkvæmdin. Þær kynningar voru sendar skólastjóra til kynningar fyrir starfsfólk svo og til sviðsstjóra Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Í vikunni áður en farið var í vettvangsathuganir fóru matsmenn í heimsókn í skólann þar sem skólastjóri tók á móti þeim og sýndi

<sup>1</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

þeim skólahúsið og ræddi almennt um starfsemi skólans. Farið var í vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 90% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 2.–6. bekk og hins vegar 7.–10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki nema stjórnendur. Þá var tekið viðtal við fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins og einnig var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, teymiskennslu, var beint til allra rýnihópanna.

Vettvangsathugunin stóð yfir í 5 daga (aук skoðunarferðar 11. nóvember), þ.e. 14.–18. nóvember, 2016. Farið var í 43 kennslustundir hjá 60 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, ensku, dönsku, heimilisfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, textíl, íþróttum og tónlist, auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 80% kennara sér það.

Matmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

## Hraunvallaskóli

### Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Hraunvallaskóli tók til starfa haustið 2005 í bráðabirgðahúsnæði að Ásvöllum í Hafnarfirði. Þá voru um 90 nemendur í 1.–4. bekk. Haustið 2006 var fyrsti áfangi skólabyggingarinnar tilbúinn að Drekaavöllum 9 og fluttist starfsemin þangað. Nemendum hafði fjölgað töluvert og voru orðnir um 260 í 1.–7. bekk. Það sama ár hóf leikskólinn starfsemi sína með um 100 nemendur í fjórum deildum. Samhliða hófst samstarf milli skólastíganna sem hefur verið í stöðugri þróun síðan.

Nemendum fjölgaði mjög hratt næstu árin og árið 2008 var þriðji og síðasti hluti skólabyggingarinnar tekinn í notkun. Nemendafjöldi fer enn vaxandi en á núverandi skólaári eru nemendur tæplega 900 og starfsmenn 133. Hraunvallaskóli hefur þá sérstöðu að innan veggja hans er rekinn bæði leik- og grunnskóli og er stöðugt unnið að því að auka tengsl milli þessara skólastíga. Skólarnir tveir eru þó aðskildir og hafa hvor sinn skólastjóra. Í skólanum er markvisst unnið að aukinni samvinnu leikskólakennara sem hafa umsjón með elstu börnunum í leikskólanum og grunnskólakennara sem taka á móti þeim í fyrsta bekk grunnskóla. Unnið er að því að sömu markmiðum sé fylgt á báðum skólastígum þar sem fjölbreyttir kennsluhættir eru hafðir að leiðarljósi. Einnig koma nemendur frá leikskólunum Hamravöllum og Stekkjarási í reglubundnar heimsóknir í skólann þegar þeir eru á síðasta ári í leikskóla. Samstarf við framhaldsskólana felst í kynningu fyrir nemendur og foreldra á námsbrautum, inntöku-skilyrðum og innritunarferli framhaldsskólanna. Einnig bjóða framhaldsskólarnir upp á valgreinar fyrir unglingsstíga.

Tómstundamiðstöð Hraunvallaskóla skiptist í frístundaheimilið Hraunsel, sem býður nemendum í 1.–4. bekk upp á fjölbreytt tómstundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, og félagsmiðstöðina Mosann. Skrifstofa æskulýðsmála í Hafnarfirði hefur umsjón með starfsemiinni. Verkefnastjóri starfar nú við hvern skóla og sér hann um daglegan rekstur frístundaheimilis/heilsdagsskóla og félagsmiðstöðvar. Í Hraunseli geta nemendur í 1.–4. bekk dvalið að loknum skóladegi og til kl. 17:00. Félagsmiðstöðin Mosinn sér um fjölbreytt tómstundastarf fyrir 5.–10. bekk.

Í starfsáætlun kemur fram að skólinn hefur ýmis samskipti við grenndarsamfélagið og þar er m.a. nefnt Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðarsafnið, Tónlistaskóli Hafnarfjarðar og kirkjan.



## Stefna skólans

Í sýn skólans segir: *Hraunvallaskóli starfar eftir hugmyndafræði opna skólans og er byggingin hönnuð með það í huga. Kennsla er miðuð við að mæta ólíkum þörfum einstaklinga sem setja sér eigin námsmarkmið, læra að skipuleggja nám sitt sjálfir og meta árangur sinn.*

Í skólanum er SMT – skólaferni (school management training) þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsferni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Dyggðir skólans og leiðarljós eru: Vinátta, samvinna og ábyrgð. Þessar dyggðir eru svo skýrðar nánar, bæði myndrænt sem segl, og einnig rætt um hverja og eina í starfsáætluninni. Reglur SMT eru byggðar á þessum einkunnarorðum skólans.

Vorið 2006 skrifuðu stjórnendur Hraunvallaskóla undir árangursstjórnunarsamning við stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar. Í framhaldi af því var stofnaður stýrihópur um þessa vinnu í skólanum. Stefnumarkmið skólans og mælikvarðar litu dagsins ljós haustið 2006 en hafa verið endurskoðaðir reglulega síðan þá.

Byrjendalæsi hefur verið notað við lestrarkennslu frá árinu 2009 í þremur yngstu árgöngum og einnig kynnt í leikskóladeild. Hraunvallaskóli er formlega þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli.

Hraunvallaskóli er þátttakandi í þróunarvettvangi opinna skóla á SV horni landsins. Þátttökuskólar auk Hraunvallaskóla eru: Akurskóli í Reykjanesbæ, Sjálandsskóli í Garðabæ, Ingunnarskóli og Norðlingaskóli í Reykjavík. Skólarnir eiga það sammerkt að hafa verið hannaðir með það í huga að námsumhverfi og skólastarf hæfi námi 21. aldarinnar. Starfið fer að miklu leyti fram í opnum rýmum og hönnun tekur mið af fjölbreyttu hópastarfi, teymisvinnu kennara og annarra starfsmanna um nám og kennslu, einstaklingsmiðun og notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Einkunnarorð verkefnisins eru: **„Við komumst skrefi fram – saman“!**

Skólaárið 2012–13 var unnið þróunarverkefni um námsmat sem ber heitið *Stolt siglir fleyið*. Markmið verkefnisins var að skipuleggja og þróa námsmat sem byggist á fjölbreyttum námsmatsaðferðum og er einstaklingsmiðað, þ.e. með nemandann í forgrunni. Leitast var við að mæta nýjum áherslum í námsmati sem kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og skólastefnu Hafnarfjarðar. Þetta verkefni er enn í þróun.

Frá hausti 2016 hófst innleiðing á I-Pad í unglingadeild. *„Markmið innleiðingarinnar er að gera námið áhugaverðara og skemmtilegra fyrir nemendur samhliða sem þeir fá tækifæri til að bera meiri ábyrgð á eigin námi og bæta þannig árangur sinn,“* segir í starfsáætlun skólans. Að sögn skólastjóra er þetta framhald þróunarvinnu sem hefur verið í gangi á unglingastigi allt frá skólaárinu 2011–2012 og snýr m.a. að kennsluháttum í opnum skóla.

Í 1.–7. bekk hefur sl. tvö ár verið þróunarverkefni í gangi sem snýr að þróun parakennslu eða paraumsjón í 1.–7. bekk. Með því deila tveir umsjónarkennarar ábyrgð á tveimur bekkjum, það jafnar álag á kennara, eykur sveigjanleika í skipulagningu og gefur nemendum möguleika á að kynnst fleiri félögum. Nánar er fjallað um parakennslu í kaflanum um teymisvinnu og hægt að lesa um í starfsáætlun skólans.

Hraunvallaskóli tekur þátt í verkefni NordPlus sem ber heitið „Share and improve“ eða *deilum og bættum* ásamt Litháen, Eistlandi og Færeyjum. Verkefnið gengur út á að kennarar heimsækja 3 lönd, kynnst kennsluaðferðum, menningu og sögu.

## Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 133. Stjórnendur eru 6. Við skólann starfa 69 kennarar í 67 stöðugildum þar af 8 sérkennarar í 7 stöðugildum og 15 leiðbeinendur í 15 stöðugildum. Leiðbeinendur hafa með höndum ýmsa kennslu, m.a. eru þeir umsjónarkennarar.

Aðrir sérfræðingar eru

- þroskaþjálfari; 3 starfsmenn í 80% starfi hver,
- námsráðgjafi; 2 starfsmenn, annar í 100% en hinn í 50% starfi sem námsráðgjafi.
- Bókasafnsfræðingur; 1 starfsmaður í 100% starfi.
- Verkefnastjórar; 4 starfsmenn (eru inn í heildartölu kennara fyrir utan verkefnastjóra sérverkefna).
  - Verkefnastjóri Frístundaheimilis í 100% starfi.
  - Verkefnastjóri ípad innleiðingar í 50% starfi + 50 kennsla.
  - Verkefnastjóri tölvumála (tölvuumsjón) í 50% starfi + 50% kennsla.
  - Verkefnastjóri sérverkefna í 80% starfi + 20% kennsla.

Annað starfsfólk er því 48 (hér er ekki talið með starfsfólk í Frístundaheimili og tómstundamiðstöð.)

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 20% af starfsmönnum skólans og konur því 80%. Á hverju ári hefur þurft að bæta við starfsmönnum vegna fjölgunar nemenda. Stöðugleiki í starfsmannahópi hefur farið minnkandi með árunum. Lagt er upp með að nýta sérhæfingu/menntun starfsmanna í starfi eins og kostur er.

## Nemendur

Í Hraunvallaskóla eru 893 nemendur á haustönn 2016. Meðalfjöldi í bekk er 21 í 1.-10. bekk. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	112	110	107	92	99	80	98	69	62	66
Bekkjadeildir	6	6	5	4	4	4	4	3	3	3

Síðasta vetur voru 222 nemendur í 1.–10. bekk sem fengu stuðning sérkennara og er fjöldinn svipaður í ár eða um 25% nemenda. Nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa eru um 40. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eru 102. Nemendur sem stunda nám á öðru skólastigi eru 5, þar af eru þrír í stærðfræði í Flensborg, einn í ensku í Flensborg og einn í dönsku í Verslunar-skólanum.

## Árangur náms

### *Samræmd könnunarpróf*

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

**Samantekt á niðurstöðum 2010–2015**

Nemendafjöldi í prófárgöngum síðustu tvö árin:

	2014	2015	
4. bekk	78	103	nemendur
7. bekk	68	79	nemendur
10. bekk	56	68	nemendur


Þessar tölur um fjölda nemenda koma fram í gögnum sem skólinn sendi Námsmatsstofnun, nú Menntamálastofnun, við töku prófanna.

**4. bekkur**

Frammistaða nemenda á samræmdum könnunarprófum er mjög slök og fer dalandi.

Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin sex ár, 2010–2015 gefur til kynna að frammistaða sé verulega undir meðaltali og breytist lítt á þessu tímabili.

Þátttaka er góð hjá nemendum 4. bekkjar eða á bilinu 91 til 97% í samræmdum prófum. Þátttaka á landsvísu þessi árin er að meðaltali 90% +/- 2.




## 7. bekkur

Frammistaða nemenda í 7. bekk er fremur slök, fram koma árgangasveiflur þegar skoðað er tímabilið 2010–2015 en árangur er oftast töluvert undir meðaltali, þó kemur stærðfræði áberandi vel út árið 2012.

Þegar skoðuð er þróunarlínan yfir tímabilið (svarta línan) kemur fram að árangur er svipaður.

Þátttaka nemenda í samræmdum könnunarprófum er 87–91%. Þátttaka á landsvísu þessi árin er að meðaltali 90% +/- 2.




### Framfarir milli 4 og 7. bekkjar

Framfarir nemenda á samræmdum könnunarprófum milli 4. og 7. bekkjar árið 2015 eru líkt og gerist á landsvísu.

Fag og bekkur	Framfarir	Hlutfall á landsvísu	Hlutfall skóla	Mat
Íslenska 7.	minni	19%	14%	Aðeins lægra hlutfall nemenda er með minni framfarir en almennt gerist á landsvísu.
Íslenska 7.	álíka	65%	75%	Hærra hlutfall nemenda er með álíka framfarir og almennt gerist á landsvísu.
Íslenska 7.	meiri	16%	11%	Aðeins lægra hlutfall nemenda sýnir meiri framfarir.
Stærðfræði 7.	minni	16%	12%	Aðeins lægra hlutfall nemenda er með minni framfarir en almennt gerist á landsvísu.
Stærðfræði 7.	álíka	69%	74%	Aðeins hærra hlutfall nemenda er með álíka framfarir og almennt gerist á landsvísu.
Stærðfræði 7.	meiri	15%	14%	Álíka hlutfall nemenda sýnir meiri framfarir.

## 10. bekkur



Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin sex ár, 2010–2015 gefur til kynna að frammistaða nemenda í 10. bekk liggja nokkuð jafnt um þremur stigum undir meðaltali og breytist lítið.

Þátttaka nemenda í samræmdum könnunarprófum síðustu tvö ár er milli 80 og 93%. Þátttaka á landsvísu þessi árin er að meðaltali 90% +/- 2.

### Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Framfarir nemenda á samræmdum könnunarprófum milli 7. og 10. bekkjar 2015 eru slakari en gerist á landsvísu.

Fag og bekkur	Framfarir	Hlutfall á landsvísu	Hlutfall Hraunvallaskóla	Mat
íslenska 10.	minni	18%	21%	Aðeins hærra hlutfall nemenda er með minni framfarir en almennt gerist á landsvísu.
íslenska 10.	álíka	65%	72%	Hærra hlutfall nemenda sýnir svipaðar framfarir og er á landsvísu.
íslenska 10.	meiri	17%	7%	Mjög lágt hlutfall sýnir meiri framfarir en gerist á landsvísu.
stærðfræði 10.	minni	18%	32%	Miklu hærra hlutfall nemenda er með minni framfarir en almennt gerist á landsvísu.
stærðfræði 10.	álíka	65%	66%	Álíka hlutfall nemenda sýnir svipaðar framfarir og er á landsvísu.
stærðfræði 10.	meiri	17%	2%	Mjög lágt hlutfall sýnir meiri framfarir en gerist á landsvísu.

### Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2016–2017 er árlegur skólatími nemenda 180 dagar. Kennsludagar eru 174 „aðrir dagar“ eru: skólasetning, skólaslit, litlu-jól og foreldraviðtöl sem eru þrisvar á árinu. Þrjú dagar eru prófadagar að vori. Skipulagsdagar kennara eru 13 þar af fimm fyrir og þrjú eftir skólatíma nemenda.

Vikulegur fjöldi kennslustunda á stundaskrá er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Forfallastundir á vorönn 2015 (5. janúar til 10. júní 2016) voru samtals 1454 kennslustundir þar af voru 710 mannaðar af kennurum en aðrar 744 af stundakennurum og afleysingafólki.

### Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

## Niðurstöður

### Svið I – Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

*Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.*

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafla 10.1).*

Í Hraunvallaskóla starfa 6 stjórnendur, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og þrjú deildarstjórnendur. Þessir stjórnendur skipta með sér verkum skv. skipuriti skólans og funda reglulega ásamt verkefnastjóra sérverkefna. Í rýnihópum kom fram að í svo fjölmennum skóla þyrftu að vera fleiri stjórnendur svo hægt væri að hafa góða yfirsýn yfir allt starf og veita þann stuðning og ráðgjöf sem þörf er á.

### Fagleg forysta

#### **Stjórnandinn sem leiðtogi**

Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu í skólanámskrá og starfsáætlun. Þar ber fyrst að nefna stefnu skólans í teymiskennslu og sem opinn skóli. Þá eru einkunnarorð hans vinátta, samvinna, ábyrgð útskýrð svo og hvað felst í og hvernig er unnið með SMT-skólafærni. Flestir hagsmunaaðilar þekkja stefnu skólans og einkunnarorðin. Einkunnarorðin eru mjög sýnileg á veggjum skólans, bæði í opnum rýmum og á kennslusvæðum.

Skólastjóri og aðrir stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Þeir reyna að vera sýnilegir í starfinu þó vissulega kvarti þeir yfir tímaskorti til þess og það kom einnig fram í rýnihópum, að stærð skólans geti hamlað því.

Stjórnendur hvetja kennara til að auka sífellt gæði náms og kennslu en þeir fara ekki reglulega í kennslustundir til að fylgjast með og veita endurgjöf.

Þegar stjórnendur kynna skólann fyrir nýjum nemendum leggja þeir áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu, þar með talið teymisvinnu og parakennslu.

#### **Styrkleikar**

- Stefna skólans, bæði einkunnarorð og sérstaða hans, er skýrt fram sett á heimasíðu.
- Allir hagsmunaaðilar þekkja stefnu skólans.
- Kennarar eru hvattir til að auka sífellt gæði náms og kennslu.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Að stjórnendur fari reglulega í kennslustundir og veiti endurgjöf.

### **Stjórnun stofnunar**

Stjórnendur skipta verkum með sér þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Þeir miðla upplýsingum sín á milli með reglulegum fundum. Við ráðningar er reynt að uppfylla lögbundnar kröfur um menntun kennara en á liðnu hausti reyndist ekki unnt að ráða aðila með lögbundna menntun í öll kennarastörf.

Fyrir liggur skráning á menntun og sérhæfingu allra starfsmanna og starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.

Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Meðal þess sem er samræmt milli sveitarfélags og allra grunnskóla sveitarfélagsins er jafnréttis- og mannréttindaáætlun. Í Hraunvallaskóla er fagið jafnrétti og lífsleikni á stundatöflu nemenda í 5.-10. bekk. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.

### **Styrkleikar**

- Verkaskipting stjórnenda er skýr og miðlun upplýsinga þeirra á milli er regluleg.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.
- Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun og upplýsingagjöf um nemendur.
- Skipurit liggur fyrir og endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.

### **Tækifæri til umbóta**

- Halda áfram að leita allra leiða til að ráða kennara til starfa með lögbundna menntun.

### **Faglegt samstarf**

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt. Í námskrám allra árganga er rætt um lýðræði í tengslum við grunnþætti menntunar. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum. Er það m.a. gert með reglum í SMT- skólafærni sem snerta hin ýmsu svæði skólans og einkunnarorð skólans kristallast í þeim reglum.

Samstarf innan skóla einkennist almennt af jákvæðni og gagnkvæmu trausti aðila.

Fundaáætlun er sett upp fyrir allt skólaárið og nær til alls starfsfólks en starfsmannafundur þar sem allir koma saman, eru einungis tvisvar á ári. Allir formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar.

Í rýnihópum kom fram að þeir sem ekki eru í fullu starfi, t.d. stuðningsfulltrúar eiga oft ekki kost á að koma á deildarfundi eða aðra fundi þar sem málefni nemenda sem þeir annast eru rædd.

Samskipti við leikskóla eru víða skráð í starfsáætlun og m.a. verklagsreglur um framkvæmd sem Hafnarfjarðarbær hefur gert en ekki er til beint ferli sem sýnir tímasett samskipti Hraunvallaskóla við leikskóla bæjarins á hverju ári. Samskipti við framhaldsskóla bæjarins eru m.a. um framhaldskólaáfangar sem nemendur eiga kost á áður en þeir ljúka grunnskólanámi. Samstarf við Flensborg fer fram eftir ákveðnu vinnuferli sem nefnt er Bæjarbrú og er fjarnám.

Skólinn er í samstarfi við ýmsar stofnanir innan bæjarins svo sem Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafnið, Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Ásvallalaug en þangað sækja börn á öllum stigum skólans sund.



## Styrkleikar

- Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs.
- Samstarf í skólanum einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti.
- Fundaáætlun ársins nær til allra starfsmanna og fundargerðir formlegra funda eru aðgengilegar öllum aðilum.
- Virkt samstarf er við önnur skólastig og grenndarsamfélagið.

## Tækifæri til umbóta

- Vinna að því að hafa heildar starfsmannafundi oftár og huga að því að skipuleggja fundi þannig að þeir sem hlut eiga að máli geti tekið þátt í þeim.
- Gera heildstætt ferli samskipta leik- og grunnskóla.

## Skólaþróun

Stöðugt og markvisst er unnið að þróun skólastarfsins með hag barna að leiðarljósi. Þróunar- og umbótaáætlun skólans liggur fyrir, hún byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðslufirvalda svo og innra mati á starfinu. Símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans. Hún er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélags og aðalnámskrá. Þar er ekki rætt um hvernig þörfum einstakra starfsmanna í endurmenntun er mætt.

Í rýnihópi kom fram að kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.

## Styrkleikar

- Þróunar og umbótaáætlun byggir á stefnu skólans svo og innra mati á starfinu.
- Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans, sveitarfélags og aðalnámskrár.
- Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla.

## Tækifæri til umbóta

- Setja fram í símenntunaráætlun hvernig einstaklingar geta sótt sér símenntun.

## Stefnumótun og skipulag

### Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun birtir skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla og breytast frá ári til árs. Starfsáætlun er uppfærð árlega og er það fyrst og fremst í höndum tveggja stjórnenda. Hún, ásamt skólanámskrá, er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar.

Menntastefna skólans birtist í skólanámskrá hans. Stefnan er nánari útfærsla á stefnu aðalnámskrár grunnskóla og stefnu Hafnarfjarðarbæjar. Þar eru einnig birt gildi sem skólastarfið byggir á og markmið sem snúa að námi og kennslu og faglegri þróun. Gerð er grein fyrir hvernig skólinn uppfyllir fyrir-mæli um grunnþætti menntunar, bæði almennt og á einstökum námssviðum. Skólanámskráin er birt á heimasíðu fyrir hvern einstakan árgang.

Stjórnendur hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár með þátttöku starfsfólks. Aðkoma foreldra og nemenda er óbein, þ.e. í gegnum skólaráð.

### Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla viðmið sem birt eru í aðalnámskrá.
- Skólanámskrá og starfsáætlun endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.

### Tækifæri til umbóta

- Huga að því að starfsmenn taki þátt í uppfærslu starfsáætlunar.
- Að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólanámskrár.

### Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri t.d. í svokölluðum lotum í samfélags- og náttúrufræði á unglingsstigi. Sama gildir um smíðjur í verklegum greinum bæði á miðstigi og unglingsstigi.

Þar sem skólinn er með teymisvinnu árganga eiga árgangar marga sameiginlega tíma á töflu. Námsgreinar eru samþættar að einhverju marki. Má þar nefna Byrjendalæsi á yngsta stigi, samfélagsfræði og íslensku á miðstigi og svo upplýsingatækni með ýmsum greinum á öllum stigum.

Á unglingsstigi er boðið upp á fjölbreyttar valgreinar sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði þeirra. M.a. er nám utan skóla metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

### Styrkleikar

- Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Stundatöflur eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar á unglingsstigi.

Engin tækifæri til umbóta komu fram varðandi þennan þátt.

### Verklagsreglur og áætlanir

Með reglum í tengslum við SMT-skólafærni mótar skólinn leiðir til að skilgreina jákvæðan skólabrag og er rætt um þann þátt í starfsáætlun. Skólareglur liggja fyrir í skólanámskrá og viðurlög við þeim. Þær skólareglur sem sýnilegar eru í skólastofum eru þó fremur bekkjarreglur og SMT-reglur. Bekkjarreglur hafa nemendur unnið með sínum umsjónarkennurum en hafa ekki beint tekið þátt í SMT-reglum eða almennum skólareglum að því er fram kemur í rýnihópum.

Í lestrarstefnu skólans er greint frá hvaða kannanir og skimanir eru lagðar fyrir nemendur sem þurfa aðstoð í námi og einnig eru skráð viðbrögð við niðurstöðum þeirra. Forvarnaráætlun er til staðar, bæði hvað varðar forvarnaráherslur skólans í hinum ýmsu þáttum forvarna og einnig fræðsluáherslur skólans eftir árgöngum.

Sérstakt móttökuráð er til staðar sem ber ábyrgð á móttökuáætlunum skólans, bæði hvað varðar móttöku nýrra nemenda, nemenda með sérþarfir og nemenda með annað tungumál en íslensku. Allar áætlanirnar eru skráðar og birtar í starfsáætlun.

Að vori setja umsjónarkennarar inn beiðnir fyrir næsta ár varðandi sérkennslu og annan stuðning sem sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu vinna síðan úr. Einnig skila sérkennarar skýrslum að vori um framgang sérhvers nemanda sem er með einstaklingsáætlun. Ekki er þó til áætlun sem sýnir í upphafi skólaárs hvernig skólinn hagar stoðþjónustu sinni, þ.e. hversu mikill tímafjöldi fer í sérkennslu, stuðning og aðra sérþjónustu fyrir nemendur. Hversu margir nemendur nýta þjónustuna, hversu margir starfsmenn sinna þjónustunni o.s.frv.

## Styrkleikar

- Leiðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag eru mótaðar.
- Skólareglur eru sýnilegar í skólastofum.
- Móttökuráð ber ábyrgð á komu allra nýnema.

## Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að hafa nemendur með í ráðum þegar mótaðar eru almennar skólareglur.
- Gera árlega áætlun þar sem sjá má hvernig skólinn hyggst nýta sérkennslu, stuðning og aðra stoðþjónustu.

## Samskipti heimila og skóla

### *Skólaráð, foreldrafélag*

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Skólaráð fundar reglulega, fundargerðir eru birtar á heimasíðu og í starfsáætlun Hraunvallaskóla er starfsáætlun skólaráðs frá árinu 2015.

Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu og allir fulltrúar í skólaráði eru kjörnir af sínum umbjóðendum á lýðræðislegan hátt til tveggja ára nema nemendur. Sú regla hefur gilt að formaður og varaformaður nemendaráðs, sem kjörnir eru lýðræðislega, séu fulltrúar nemenda í skólaráði en þá ekki til tveggja ára eins og reglugerð kveður á um.

Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og nemendur eru fullgildir þátttakendur á fundum.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og hefur verið frá stofnun hans. Markmið þess og hlutverk eru skilgreind í starfsáætlun skólans svo og hverjir eru í stjórn. Þar eru einnig lög félagsins, verksvið stjórnar foreldrafélagsins og lítillaga rætt um verkefni þess. Fundaraðstaða er fyrir félagið í skólanum, skólastjóri er alltaf á aðalfundi félagsins og fundar síðan með stjórninni eftir þörfum.

Foreldrafélagið stendur fyrir bekkjarskemmtunum og ýmsum fræðslufundum í samstarfi við skólann, má þar nefna fund í kjölfar niðurstaðna úr Skólapúlsi.

Að mati viðmælenda í rýnihópi foreldra mætti efla samstarf heimila og skóla og einnig kom fram að mæting t.d. á aðalfund foreldrafélagsins beri þess vott að auka þurfi virkni í félaginu. Þó kom einnig fram að foreldrar eigi erfitt með að samræma vinnu og þátttöku í skólastarfi.

## Styrkleikar

- Skólaráð fundar reglulega og er virkur samráðsaðili í stefnumörkun skólans.
- Fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Markmið og hlutverk foreldrafélags eru í starfsáætlun skólans.

## Tækifæri til umbóta

- Kjósa nemendur í skólaráð til tveggja ára í senn eins og reglugerð kveður á um.
- Leita leiða til að efla enn frekar samstarf heimila og skóla.

### *Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun*

Árlega er kynning fyrir alla foreldra á námsmarkmiðum hvers árgangs og leiðum til að ná þeim. Auk þess er sérstakt námskeið/fræðslufundur sem foreldrum 1. bekkinga er sérstaklega boðið til en þar er auk námsmarkmiða farið yfir ýmsar hagnýtar upplýsingar í byrjun skólagöngu.

Foreldrar eru oft boðaðir á ýmsa viðburði í skólanum, skemmtanir á sal sem eru hjá öllum árgöngum og heimsóknir eftir sérstaka þemadaga eða ákveðin verkefni sem nemendur eru að kynna.

Fréttabréfið Brosið er gefið út reglulega eða tvisvar á önn og birt á heimasíðu skólans. Það er fyrir leik- og grunnskóla Hraunvallaskóla. Þar geta foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar lesið um margháttað starf skólans, bæði nýsköpunar- og þróunarverkefni, samstarf við erlenda skóla, helstu viðburði í skólastarfinu og aðrar fréttir og upplýsingar.

Upplýsingamiðlun til foreldra er að öðru leyti mest í gegnum Mentor en einnig er sendur út vikupóstur á yngstu stigum. Í rýnihópum kom fram að æskilegt væri að meira samræmi væri á milli kennara hvaða upplýsingar komi á Mentor og hversu reglulega, t.d. um námsframvindu nemenda.

Með könnunum í Skólapúlvi, opnum spurningum, er leitað eftir hugmyndum eða tillögum foreldra en að öðru leyti er ekki beint leitað eftir þeim nema í gegnum skólaráð og stjórn foreldrafélagsins.

### Styrkleikar

- Sérstakar námskynningar að hausti eru hluti af virku samstarfi heimila og skóla.
- Foreldrar nemenda í 1. bekk fá sérstaka fræðslu: skólafærninámskeið.
- Skólablaðið Brosið veitir fjölbreyttar upplýsingar um skólastarf.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna að því að kennarar samræmi hversu reglulega og hvers konar upplýsingar foreldrar fá í gegnum Mentor.
- Huga að því leita enn frekar leiða til að leita eftir hugmyndum og tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu.

## Svið II – Nám og kennsla

### Nám og námsaðstæður

#### *Inntak og árangur*

Skólanámskrá er skýrt fram sett fyrir hvern árgang, þar sem námsvísar/árganganámskrár eru greinar-góðar og byggja á aðalnámskrá, m.a. eru grunnþáttum menntunar gerð skil. Það kom þó fram í rýni-hópi foreldra og nemenda að þeir virðast ekki nýta sér mikið námsvísana til að fá heildarmynd af námi nemenda.

Stefna sveitarfélagsins kemur fram í skólanámskránni og því í námi nemenda.

Í kaflanum um samræmd könnunarpróf (sjá framar) kemur fram að niðurstöður þeirra eru í öllum þremur árgöngunum undir landsmeðaltali, sérstaklega í 4. bekk og fer heldur dalandi þegar skoðuð eru síðustu sex ár. Í lestrarstefnu skólans er greint frá hvernig unnið er úr niðurstöðum prófanna á skipulegan hátt og foreldrar upplýstir sérstaklega þegar það á við. Þegar skoðaðar eru niðurstöður úr Skólalámskrá árið 2016, nemendakönnun, kemur fram að líðan nemenda og sjálfsálit er aðeins ofar en meðaltal og hefur batnað þegar horft er til ársins 2015.

Í fréttum á heimasíðu skólans svo og í Brosinu, blaði skólans, er greint frá fjölbreyttum árangri og hæfi-leikum nemenda sem lúta að innra starfi í skólanum en að sögn viðmælenda er það ekki gert þegar kemur að árangri nemenda sem kemur fram í ytra starfi svo sem í félags- og tómsundastörfum.

#### Styrkleikar

- Skólanámskrá er skýrt fram sett og endurskoðuð reglulega.
- Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísunum.
- Unnið er úr og með niðurstöðum námsmats svo sem samræmdra könnunarprófa.

#### Tækifæri til umbóta

- Kynna námsvísa vel fyrir nemendum og foreldrum svo þeir verði virkir í námi nemenda.
- Leita allra leiða til að auka árangur nemenda m.a. á samræmdum könnunarprófum.

#### *Skipulag náms og námsumhverfi*

Í námsvísunum í skólanámskránni eru viðmið um hæfni í námi og markmið sem sýna stigvaxandi kröfur og samhengi í námi. Þar er einnig gerð grein fyrir námsmati, bæði viðmiði og matskvörðum. Unnið hefur verið að því að nýta hæfniviðmið í öllum greinum á unglíngastigi.

Samfella er í námi nemenda milli skólastiga, leikskólakennarar skila upplýsingum um þá nemendur sem koma í fyrsta bekk ár hvert á sérstökum skilafundi. Í starfsáætlun er víða fjallað um samskipti leik- og grunnskóla t.d. heimsóknir elstu leikskólanemenda í grunnskólann en ekki er til heildarskjal þar sem ferli þessara samskipta kemur fram og er tímasett. Samskipti við framhaldsskóla eru skráð og virk.

Fjölbreyttar valgreinar standa nemendum á unglíngastigi til boða í skólanum en einnig sameiginlegar valgreinar nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar við hina ýmsu aðila. Mest er samstarfið við Flensborg, svokallaða Bæjarbrú sem er fjarnám frá skólanum í einstökum fögum á framhaldsskólastigi, en einnig við Fisktækniskóla Íslands, Menntasetrið við lækinn – Miðstöð símenntunar, Gaflaraleikhúsið og Iðnskólann í Hafnarfirði. Valgreinar á unglíngastigi nema um fimmtungi námstíma nemendanna. Nemendur á yngsta- og miðstigi hafa ekki mikið val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar eftir því sem kom fram á vettvangi.

Í 1.–7. bekk eru list- og verkgreinar kenndar í lotum 6 stundir á viku fjórar vikur í senn eða alls 960 mínútur sem er aðeins yfir því sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Á unglíngastigi er svokallað „bundið val“ þ.e. að nemendur eru í ýmsum verklegum greinum í smiðjum sem ganga allan veturinn.

Námsgögn og notkun þeirra styður við nám og kennslu og má þar sérstaklega nefna innleiðingu í notkun spjaldtölva á unglingsstigi. Þrengsli í opnum rýmum virðast þó há því að nokkru leiti að hægt sé að nýta fjölbreytta kennsluhætti til að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklingana eins og ætlast er til í stefnu skólans og samfélagsins.

Nemendasamtöl eru regluleg tvisvar á ári í unglingsdeild þar sem umsjónarkennari ræðir skipulega við hvern nemanda sinn um nám og líðan. Slík samtöl eru ekki regluleg á öðrum stigum.

Að mati viðmælenda er heimanám almennt „mátulegt“ en þó kom fram hjá nemendum að stundum er þess ekki gætt að dreifa t.d. könnunum á vikudaga eða tímabil eða eins og einn nemandinn orðaði það „ég held bara að kennarar tali ekki saman eða minnsta kosti sjái þetta ekki eins og við“!

### Styrkleikar

- Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtast í skólanámskrá.
- Námsvísar sýna stigvaxandi kröfur í námi og samhengi milli árganga.
- Samstarf við leik- og framhaldsskóla er skráð og virkt.
- Nemendur á unglingsstigi eiga kost á fjölbreyttum valfögum.

### Tækifæri til umbóta

- Gera heildstæða tímasetta áætlun sem sýnir samskipti leik- og grunnskóla á skólaárinu.
- Skoða allar leiðir til að minnka þrengsli í opnum rýmum svo betur megi koma til móts við fjölbreyttar og ólíkar þarfir nemenda.
- Hafa regluleg nemendasamtöl milli umsjónarkennara og nemenda á öllum skólastigum.

### ***Kennsluhættir og gæði kennslu***

Hraunvallaskóli starfar eftir stefnunni um opinn skóla og hefur innleitt teymisvinnu. Í tengslum við teymisvinnuna er einnig parakennsla þar sem tveir og tveir kennarar vinna saman með hóp en svo í teymisvinnu með öllum í árganginum. Að mati viðmælenda í rýnihópi kennara og einnig í samtali við stjórnendur er þetta góð aðferð til að efla fagmennsku og sérfræði kennara. Hægt er að nýta styrkleika hvers og eins í teyminu og ræða og ígrunda kennsluhætti. Það kom þó fram að vegna mikillar nýliðunar í kennarahópi er erfitt að þróa teymisvinnu út í skilgreinda teymiskennslu.

Í vettvangsathugunum sýndu kennarar almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og sérfræði þeirra nýtist í starfi. Kennslan er skipulögð með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda. Nemendur vinna að samþættum verkefnum og var þar nefnt Byrjendalæsi en einnig var nefnd samfélagsfræði og náttúrfraði á yngsta- og miðstigi. Samfélagsfræði og náttúrfraði eru kenndar í þemalotum í unglingsdeild 6 stundir á viku í mismargar vikur eftir þeim.

Í þeim rúmlega 40 kennslustundum sem matsmenn sáu (hjá 60 kennurum) voru fræðandi kennsluhættir, þ.e. innlögn og verkefnavinna í rúmlega 80% stundanna og sama hlutfall var einstaklingsvinna. Umræður og skoðanaskipti svo og lausnamiðað nám var því í miklum minnihluta. Sköpun kom helst fram í verklegum greinum þar sem nemendur gátu oft ráðið útfærslu verkefna innan ákveðins ramma.

Að öllu jöfnu voru kennslustundir vel skipulagðar og vel uppbyggðar og tími vel nýttur. Dagskrá kennslustunda var kynnt nemendum í upphafi stunda en lítið rætt um markmið kennslustunda. Endurgjöf kennara á vinnu nemenda var leiðbeinandi og markviss og fólst yfirleitt í einstaklingsaðstoð. Það kemur fram í námsvísunum og kom einnig fram hjá viðmælendum að námsmat er fjölbreytt, tengist markmiðum náms og tekur mið af kennsluháttum.

### Styrkleikar

- Með teymisvinnu/parakennslu er mikið samstarf og fagleg ígrundun sem kemur námi nemenda til góða.
- Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þér kenna.
- Kennsla er skipulögð með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda.
- Námsmat er fjölbreytt, tengist markmiðum náms og tekur mið af kennsluháttum.
- Endurgjöf kennara er leiðbeinandi og markviss.

### Tækifæri til umbóta

- Auka fjölbreytni kennsluhátta, m.a. huga meira að leiðbeinandi kennslu.
- Gera umræðum og skoðanaskiptum hærra undir höfði í náminu, m.a. til að leggja rækt við gagnrýna hugsun nemenda.
- Huga að því að auka samvinnu nemenda á öllum stigum.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og náms í heild sinni.
- Þróa áfram parakennslu og markvisst samstarf í kennslustundum út frá teymisvinnu kennara.

### ***Námshættir og námsvitund***

Nám nemenda tekur að hluta mið af áhugasviði þeirra. Það er þó fyrst og fremst á unglíngastigi, bæði hvað varðar valgreinar og einnig vinna þeir tvær vikur á vori að sínum áhugasviðum.

Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum, bæði í verklegum og bóklegum greinum. Í rýnihópum nemenda kom fram að þeir þekkjá eigin styrkleika og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar í námi. Nemendum í rýnihópi fannst best að læra saman, það færi þó eftir fögum og sögðu aðrir að „þægilegast væri að vera einn og þurfa ekki að hugsa um hvað aðrir gera“.

Upplýsingatækni var nýtt í rúmlega 60% kennslustunda á unglíngastigi en nánast ekkert á öðrum stigum í þeim kennslustundum sem matsmenn heimsóttu.

Að jafnaði geta nemendur ekki valið sér námsaðferð eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl en fá þó að ákveða sjálfir útfærslu verkefna í verklegum greinum og á unglíngastigi fá nemendur stundum að skila verkefnum sínum í samræmi við sinn eigin námsstíl.

### Styrkleikar

- Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum.
- Nemendur þekkjá eigin styrkleika í námi.
- Nám nemenda á unglíngastigi tekur að hluta mið af áhugasviði þeirra.

### Tækifæri til umbóta

- Huga að því að nám nemenda á öllum stigum taki að hluta mið af áhugasviði þeirra.
- Nýta upplýsingatækni á öllum stigum til að koma til móts við ólíkar þarfir og auka fjölbreytni.

## Þátttaka og ábyrgð nemenda

### Lýðræðisleg vinnubrögð

Á skólapingi sem haldið var sl. vor fyrir unglunga gátu þeir tjáð sig um málefni sem snerta þá og fengið svör við spurningum sínum því stjórnendur sátu fyrir svörum. Tillögur þeirra og athugasemdir fóru því beina leið til umræðna og síðan ákvarðana. Þetta þing tengdist því að hluti af samfélagsfræði nemenda í 8.–10. bekk er leiðtogapjálfun.

Í Skólapúlsi koma nemendur einnig sjónarmiðum sínum á framfæri þó þar sé fyrst og fremst svörun spurninga um ákveðin, skilgreind mál. Nemendur sitja í skólaráði og eru þar fullgildir þátttakendur. Fulltrúar nemenda þar tengjast inn í nemendaráð og einnig ungmennaráð Hafnarfjarðarbæjar og koma oft með málefni inn á skólaráðsfundi. Nemendur í skólaráði eru formaður og varaformaður í nemendaráði og þó valið sé í nemendaráð með lýðræðislegum hætti, væri æskilegra að kosning í skólaráð væri einnig á þann hátt og til tveggja ára eins og lög gera ráð fyrir.

Með því að birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu eiga aðrir nemendur að geta fylgst með ákvörðunum og umræðum þar sem fulltrúar þeirra taka þátt í. Upplýsingar frá nemendaráði, sem í sitja níu nemendur úr 8.–10. bekk, eru með þeim hætti að fulltrúar í ráðinu upplýsa sína umbjóðendur um það sem ráðið ákveður en hver bekkur hefur sinn fulltrúa.

Í skólabyrjun í haust voru nemendur í 8.–10. bekk með svokallaða lýðræðisviku þar sem mikið var um hópa og paravinnu, bækur settar til hliðar og nemendur námu á annan hátt um lýðræði o.fl. Þá má geta þess að í kringum alþingiskosningar í haust tóku nemendur á miðstigi þátt í „krakkakosningum“ en áður höfðu þau fengið kynningu á stjórnmálaflokkum.

Almennt eru samskiptin í skólanum jákvæð og einkennast af virðingu og á það bæði við um nemendur og starfsmenn.

### Styrkleikar

- Nemendur á unglingastigi fá fjölbreytta fræðslu um lýðræði.
- Nemendur geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri á fjölbreyttan hátt.
- Skólaráð starfar þannig að nemendafulltrúar eru fullgildir þátttakendur.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði tengjast bæði nemendaráði og ungmennaráði bæjarins.

### Tækifæri til umbóta

- Kjósa nemendur í skólaráð með lýðræðislegum hætti til tveggja ára í senn.

### Ábyrgð og þátttaka

Markmið náms eru sýnileg og aðgengileg nemendum og foreldrum í skólanámskrám hvers árgangs. Í rýnihópum kom fram að fyrst og fremst þekja nemendur markmið smærri verkefna og kennslustunda en ekki þegar rætt er um heildina. Á vettvangi var sjaldnast rætt um markmið náms í kennslustundum en dagskrá kennslustunda kynnt.

Nemendum er kennt að einhverju marki að setja sér eigin markmið og þá á það einkum við um ungl-ingana. Nemendum er kennt að meta eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati og viðmið um árangur eru opinber.

Þegar gerðar eru einstaklingsnámskrár eru foreldrar með í ráðum en nemendur koma þar ekki beint að.



## Styrkleikar

- Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda.
- Nemendur taka þátt í að setja sér námsmarkmið.
- Viðmið um árangur eru opinber og nemendur þekkja þau.
- Nemendum er kennt að meta eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati.

## Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum náms, bæði einstakra kennslustunda og námsins í heild.
- Hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar það á við m.t.t. aldurs.

## Námsaðlögun

### *Nám við hæfi allra nemenda*

Í skóla án aðgreiningar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi óháð atgervi þeirra og stöðu. Allir í rýnihópum töldu að í Hraunvallaskóla væri það viðhorf ríkjandi.

Með teymisvinnu og parakennslu auk fjölbreyttrar stoðþjónustu er reynt að koma til móts við fjölbreytileika og mismunandi þarfir nemenda. Það kom þó fram í máli nokkurra viðmælenda að þrengsli í húsnæði, sem torveldaði kennurum að vera með litla hópa, gerði starfinu erfitt fyrir. Jafnframt að úrræði fyrir þá einstaklinga sem eru með erfið hegðunarvandamál þyrftu að vera fleiri.

Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans og kennarar meta stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt. Námsframboð og námsvísar mæta fjölbreyttum þörfum og áhuga nemenda. En á vettvangi var ekki mikið um námsframboð sem nemendur gátu valið sér á sínu áhugasviði, ef undan eru skilin valfög nemenda á unglingsstigi.

## Styrkleikar

- Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.
- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.
- Mat á stöðu nemenda fer fram á fjölbreyttan hátt og lagað að niðurstöðum.

## Tækifæri til umbóta

- Leitast við að nemendur fái verkefni sem endurspeglar áhugasvið þeirra.
- Huga að fjölbreyttari leiðum til að taka á málum nemenda með erfið hegðunarvandamál.

### *Stuðningur við nám*

Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og lagðar fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Í lestrarstefnu skólans er skrá yfir þau úrræði ásamt því að þar er gerð grein fyrir hvernig brugðist er við niðurstöðum.

Í starfsáætlun er fjallað um stoðþjónustu (sérfræðiþjónusta, félagsþjónusta og heilbrigðisþjónusta), hlutverk hennar og verkefni. Þar er fjallað ítarlega um þá þjónustu sem skólinn býður upp á svo sem sérkennslu, stuðning, teymissamstarf, tülkaþjónustu, SMT- skólafærni svo og greiningar, ráðgjöf og talmeinaþjónustu sem sveitarfélagið veitir.

Þar er m.a. fjallað um verkefnið Innherja sem Hafnarfjarðarbær hefur innleitt fyrir sína grunnskóla og felst í því að heimilt er að meta þátttöku nemenda í atvinnulífinu sem grunnskólanám (26.gr. laga nr. 91/2008) í samráði við foreldra og valda vinnustaði.

Á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir skipulagi sérkennslu innan skólans. Er henni skipt upp í fjóra þætti; námsaðstoð fyrir nemendur í 1.–7. bekk sem fer fram á heimasvæðum, sértæk námsaðstoð fyrir nemendur í 2.–7. bekk sem fer fram í námsveri, Keili, námsaðstoð fyrir nemendur í 8.–10. bekk sem fer fram í sérstöku námsveri á svæði unglingadeildar og loks aðstoð við nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Þar kemur ekki fram hver heldur utan um sérkennsluna, hversu margir tímar fara í sérkennslu á hverju stigi eða hvernig starf stuðningsfulltrúa og þroskaþjálfara tengist stoðþjónustu.

Fagmenntaðir starfsmenn bera ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi og nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám. Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps. Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þarf.

Að mati viðmælenda í rýnihópum er leitast við að koma til móts við bráðgera nemendur. Á yngri stigum er það gert með hópaskiptingum innan árgangs og á unglingastigi eiga nemendur kost á því að taka framhaldsáfangu í námi sínu í grunnskólanum.

Á vettvangi voru nemendur oftast að fást við sama verkefnið, með sömu kennsluháttum og má því ætla að þau hafi oft verið misjafnlega krefjandi þannig að ekki sé hægt að búast við að allir fái kennslu sem hæfi öllum. Huga þarf að því að kennarar fái þá fræðslu sem þarf til að geta mætt þörfum allra nemenda.

### Styrkleikar

- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda.
- Skráð er hvaða greiningar og skimanir eru nýttar til að finna þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð og viðbrögð við niðurstöðum.
- Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám.
- Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þarf.

### Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að allir nemendur fái krefjandi nám við hæfi.
- Skrá og birta hver heldur utan um sérkennslu og annan stuðning og hvernig þjónustan er skipulögð.

## Svið III – Innra mat

Í starfsáætlun skólans kemur fram stefnumörkun hans um innra mat svo og Hafnarfjarðarbæjar og fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar. Þar er getið um meginmarkmið skólans annars vegar og starfsmarkmið hins vegar (til 3ja ára). Þar eru einnig talin upp viðmið aðalnámskrár um innra mat svo og verkáætlun fyrir yfirstandandi ár.

### Framkvæmd innra mats

#### ***Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi***

Í skólanámskrá og starfsáætlun er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur þess og gæði. Ekki kemur fram hverjir stýra því starfi að öðru leyti en því að rætt er um að það sé matsteymi en ekki skýrt út hverjir eru í teyminu.

Langtímaáætlun um innra mat til þriggja ára liggur fyrir, þar eru fyrst og fremst umbætur til næstu þriggja ára. Þar eru þó yfirleitt taldir upp sömu þættir fyrir öll árin en í sumum þáttum koma fram mismunandi markmið sem stefnt er að þessi þrjú ár. Af þessari langtímaáætlun er ekki hægt að sjá hvort allir þættir skólanámskrár eru metnir reglulega svo sem kennsla/kennsluhættir og námsmat.

Í starfsáætlun er birt verkáætlun um innra mat skólans á skólaárinu, hún er tímasett eftir mánuðum en þar eru ekki skilgreindir ábyrgðaraðilar eða viðmið þar sem það á við.

Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra. Það kemur t.d. vel fram í teymisvinnu skólans og parakennslu.

Mat á námi og framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.

#### ***Innra mat er markmiðsbundið***

Eins og kom fram í fyrri kafla er í langtímaáætlun um innra mat ekki gerð grein fyrir hvernig öll markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin. Má þar nefna sérstöðu skólans eins og teymisvinnu/parakennslu. Hins vegar kom fram í rýnihópum að umræður um þessi mál fara fram t.d. á deildafundum, þannig að óformlegt mat er til staðar.

Leiðir að markmiðum s.s. verkefni, aðgerðir og verkferlar eru hluti af innra mati skólans. Í lestrarstefnu skólans koma fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Viðmið koma einnig fram varðandi markmið í samræmdum könnunarprófum. Í greinargerð um innra mat fyrir síðasta ár er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

#### ***Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum***

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Gagna er aflað með könnunum í Skólalámsi, með SVÓT-greiningum, í starfsþróunarsamtölum, á hópfundum starfsmanna og á skólaþingi með unglingum svo eitthvað sé nefnt.

Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem er lagt upp með. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmdum könnunarprófum og er fjallað sérstaklega um það í lestrarstefnu skólans.

#### ***Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum***

Þar sem í innra matsteymi skólans sitja eingöngu stjórnendur er ekki hægt að segja að allir hagsmunaaðilar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í mati, svo sem foreldrar og nemendur. Á kennarafundum er hins vegar rætt um þessi atriði.

Allar áætlanir í innra mati eru kynntar í skólaráði þar sem sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila og geta þeir gert athugasemdir við áætlanir og komið með tillögur en eru ekki beint með í að ákveða forgangsröðum og leiðir.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli og þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar hlutaðeigandi á einhvern hátt. Fyrst og fremst er þó óbein kynning með því að setja niðurstöður á heimasíðu skólans.

## Styrkleikar

- Fyrir liggur áætlun um innra mat yfirstandandi skólaárs og hún birt í starfsáætlun.
- Langtímaáætlun til þriggja ára liggur fyrir.
- Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Við öflun gagna í innra mati er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagn í innra mati.
- Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

## Tækifæri til umbóta

- Geta þess í umfjöllun um innra mat skólans hverjir leiða það starf.
- Gera langtímaáætlun um innra mat þar sem fram kemur að allir þættir skólanámskrár séu metnir reglulega.
- Skipa matsteymi sem fulltrúar allra hagsmunaaðila eiga aðild að, þ.e. stjórnendur, kennarar, annað starfsfólk, foreldrar og nemendur.

## Umbótastarf í kjölfar innra mats

### *Innra mat er opinbert*

Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu skólans og skýrt fram settar. Þar koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið. Í starfsáætlun er birt verkefnaáætlun um þróunar- og umbótaverkefni. Skólinn hefur gert heildarumbótaáætlun fyrir skólaárið 2016–2017 þar sem koma fram markmið, verkefni, leiðir, ábyrgðaraðilar og tímasetningar auk stöðu verkefna en sú áætlun er ekki birt á heimasíðu.

Síðastliðið ár stóð foreldrafélagið fyrir fundi þar sem skólinn sá um kynningu á niðurstöðum Skólupólinsins. Á kennara- og starfsmannafundum eru niðurstöður kynntar og ræddar og einnig í skólaráði. Að öðru leyti eru niðurstöður úr innra mati ekki formlega kynntar hagsmunaaðilum.

### *Innra mat er umbótamiðað*

Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum sem koma fram í könnunum, SVÓT-greiningum og í umræðum t.d. meðal starfsmanna. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir, hún er tímasett og skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum. Ekki er tilgreint í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

Allir rýnihópar gátu nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til. Jafnframt töldu fulltrúar í rýnihópum að umbótum væri kerfisbundið fylgt eftir. Þá kom fram að ef umbóta er þörf, þó það hafi ekki beint snúið að markmiðum sem metin voru, þá sé brugðist við þeim.

## Styrkleikar

- Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu skólans.
- Verkáætlun um umbætur í innra mati er í starfsáætlun skólans.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.
- Allir hagsmunaaðilar geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

## Tækifæri til umbóta

- Kynna niðurstöður úr innra mati formlega fyrir foreldrum og nemendum.
- Birta á heimasíðu umbótaáætlun skólans í heild sinni fyrir yfirstandandi skólaár.
- Tilgreina í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

## Svið IV – Teymisvinna

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Stuðst var við viðmið um teymiskennslu úr erlendum rannsóknnum og einnig innlendum auk þess sem skoðað var hvort markmið sem Hraunvallaskóli hefur sett sér í teymiskennslu hefðu náðst.

### *Teymisvinna – teymiskennsla*

Í stefnu skólans eins og hún birtist bæði í skólanámskrá og starfsáætlun kemur fram áhersla á teymisvinnu kennara og samstarf nemenda. Á yfirstandandi skólaári er verið að þróa parakennslu eða paraumsjón í 1.–7. bekk þar sem tveir umsjónarkennarar deila umsjónarábyrgð á tveimur bekkjum. Meginmarkmið paraumsjónar eru að efla samvinnu og samstarf, hvort sem snýr að kennurum, nemendum eða foreldrum, segir í starfsáætlun.

### *Teymisvinna*

Teymisvinna hefur verið skilgreind sem samvinna tveggja eða fleiri kennara með áherslu á nám nemenda en án sameiginlegrar ábyrgðar á nemendum og daglegum samskiptum<sup>2</sup>.

Í Hraunvallaskóla vinna allir kennarar hvers árgangs saman í teymi, þ.e. 3–6 umsjónarkennarar ásamt sérkennurum en eitt af markmiðum í þróunar- og umbótaáætlun skólans er að efla teymisvinnu kennara og samstarf umsjónarkennara og sérkennara. Haldin hafa verið námskeið um teymisvinnuna en að mati viðmælenda þyrfti að vera stöðug fræðsla. Skólinn hefur mótað verkáætlun fyrir teymisvinnuna skólaárið 2016–2017, verkáætlunin er ætluð til þess að styrkja samstarfið í teymunum. Auk árgangateyma vinna einnig list- og verkgreinateymi, íþróttakennarateymi, sérkennarateymi og stjórnendateymi eftir verkáætluninni. Teymin hafa fastan fundartíma á töflu einu sinni í viku.

Í rýnihópum kemur fram að helsti ávinningur af teymisvinnu sé að þar myndist samtal um námið og auðveldara sé að nýta hæfileika hvers og eins og ólíka styrkleika kennara fyrir fleiri nemendum. Einnig að kennarar hafi stuðning hver af öðrum vegna aga og í samskiptum við foreldra. Öll teymi funda einu sinni í viku og þar er unnið að skipulagi náms og kennsluhátta, skólanámskrá og námsmati. Einnig fer fram ígründun og mat á teymisvinnunni, þetta er tilgreint í verkáætlun og þar er einnig fjallað um fundarmenningu. Ekki er formlegur leiðtogi skipaður fyrir teymin en einhver getur tekið sér það hlutverk og oft er það sá sem hefur mesta reynslu. Fjallað er um einkenni og eiginleika leiðtoga í verkáætlun um teymiskennslu.

List- og verkgreinakennarar vinna saman í teymi en funda ekki með árgangateymum, að mati kennara í rýnihópi þyrfti að styrkja tengsl og upplýsingamiðlun milli þessara teyma til hagsbóta fyrir nemendum.

Teymin eiga að setja sér grunnreglur um samstarfið en eru að sögn mislangt komin í að móta það, ekki síst vegna starfsmannaveltu og vegna leiðbeinenda, „sumir komnir langt og með allt sameiginlegt, svo koma stundum inn kennarar sem finnst þeir þurfi að hafa sitt sér“, segja viðmælendur.

Í unglingadeild er teymisvinna allra kennara en ekki teymiskennsla. Þeir tveir sem kenna sömu námsgrein hafa með sér samstarf og funda saman. Kennsla í unglingadeild fer fram í lausum stofum á skólalóðinni að mestu og er hefðbundnari en hjá öðrum árgöngum að því leyti að þar er bekkjarkennsla.

### *Teymiskennsla/parakennsla*

Á þessu skólaári er parakennsla á yngsta og miðstigi sem þýðir að tveir kennarar bera sameiginlega ábyrgð á hópi nemenda, 35–54 nemendum eða sem samsvarar tveimur umsjónarbekkjum. Í hverjum árgangi eru tveir til þrjú slíkir hópar. Það háir þessu samstarfi að kennaraskipti hafa verið tíð, kennslureynsla margra kennara lítill og að hluta gegna leiðbeinendur starfi umsjónarkennara.

<sup>2</sup> Andersen og Peterson (1998). Fra teamarbejde til teamlæring, Nye krav til lærerorganisering. København: Undervisningsministeriets Forlag; Goetz (2000) Perspectives on Team-Teaching. Egallery. Sótt af: <http://people.ucalgary.ca/~egallery/goetz.html>; Kroll-Schwartz (2004). Teamets mappe. Frederikshavn: Dafolo.

Í verkáætlun fyrir teymisvinnuna er kafli um paraumsjón þar sem tilgreind eru m.a. þau meginmarkmið: að efla samvinnu og samstarf kennara og nemenda í árganginum, auka vellíðan og öryggi nemenda, nýta styrkleika kennara og skapa sveigjanleika í útfærslu hópa. Kennarar í parakennslu deila umsjónarábyrgð og álagi, eru tengiliðir við heimilin og skipta foreldraviðtölum á milli sín segir einnig í verkáætlun.

Teymiskennslan er að mati kennara það sem einkennir skólann, það að vinna saman með stóra hópa og beita fjölbreyttum kennsluháttum. Í vettvangsathugunum sést að samstarfið er mislangt komið allt frá því að kennarar eru að vinna hlið við hlið og yfir í samstarf þar sem kennarar virðast skipta með sér verkum snurðulaust. Miðað við vettvangsathuganir þyrfti að vinna betur að því markmiði að hafa sveigjanleika í útfærslu hópa, í sumum hópum var þessu markmiði vel sinnt en líka sáust dæmi um að tækifæri til sveigjanleika væru ekki nýtt. Markviss samvinna nemenda var aðeins í 19% þeirra stunda sem heimsóttar voru.

Reynt er að leysa forföll en að sögn margra viðmælenda eru þau þáttur sem skapar álag í teymiskennslunni. Þegar vantar kennara þá þarf maður stundum að taka báða hópana, segja kennarar í rýnihópi en að þeirra mati á ekki að vera í boði að taka tvo hópa en það skapar líka álag að fá inn nýtt fólk, segja þeir.

Nemendum í rýnihópi finnst gaman að vera í stórum hópi og flestir segja að það sé ágætt að hafa tvo kennara sem þeir geta leitað til.

Að mati foreldra í rýnihópi eru hóparnir í teymiskennslunni of stórir fyrir starfsfólkið sem sér um þá. Rýmið er opið og hávaði mikill svo sumir nemendur þurfa að nota heyrnarskjól. Að mati foreldra er teymiskennslan vel kynnt fyrir foreldrum í 1. bekk en lítil kynning eftir það.

### ***Tengsl stjórnenda og teyma***

Stjórnendur hafa það að markmiði að fara í heimsóknir í hvern árgang og deildarstjórar koma inn á teymisfundina og aðrir stjórnendur eftir þörfum. Allir stjórnendur leggja áherslu á að vera sýnilegir og heilsa krökkunum. Þeir hafa opið inn til sín og taka vel á móti kennurum. Að mati kennara er þó oft erfitt að ná tali af stjórnendum vegna stærðar skólans og mikils álags hjá þeim. Formleg þátttaka stjórnenda í teymisvinnunni mætti vera meiri að eigin mati en til þess gefst ekki tími.

Stjórnendur ákveða fjölda í hópum og mannafla fyrir hvern hóp út frá viðmiðum sem sveitarfélagið setur. Lagt er upp með að kennarar vinni saman og fylgi sínum hópi í tvö ár en það er einnig metið hverju sinni eftir óskum kennara.

Það var umbótaverkefni síðastliðið haust að taka betur á móti nýliðum og kynna skólastarfið fyrir þeim, segja stjórnendur og í ráðningarviðtali er farið yfir hvernig við vinnum og nýliðinn fær nýliðamöppu. Gerð er grein fyrir því að hér er opinn skóli og spurt hvort kennarinn sé tilbúinn að vinna teymisvinnu og parakennslu.

Í rýnihópi kennara kemur fram að í teymi þar sem helmingur kennara séu nýir lendi ábyrgð og verkefni á fáum og þá skorti aðhald og stýringu frá stjórnendum. Hjá stjórnendum kemur fram að það geti reynst erfitt að grípa inn í, kennarar komi stundum of fljótt eða of seint með málið til þeirra og ekki sé skráð ferli um hvernig bregðast eigi við ef ágreiningur kemur upp hjá þeim sem vinna saman í teymi.

### **Styrkleikar**

- Skólinn hefur mótað verkáætlun fyrir teymisvinnuna til þess að styrkja samstarfið í teymunum.
- Verið er að þróa parakennslu eða paraumsjón í 1.-7. bekk þar sem tveir umsjónarkennara deila umsjónarábyrgð á tveimur bekkjum.
- Ávinningur af teymisvinnu er að þar myndast samtal um námið og auðveldara er að nýta hæfileika hvers og eins og ólíka styrkleika kennara fyrir fleiri nemendum.
- Nemendum í rýnihópi líkar vel að vera í stórum hópi.

### Tækifæri til umbóta

- Hafa reglubundna fræðslu og ráðgjöf til kennara um teymisvinnu og teymiskennslu, sérstaklega fyrir nýliða.
- Tryggja eins og kostur er stöðugleika í störfum umsjónarkennara og leita leiða til að draga úr starfsmannaveltu.
- Leita leiða til að draga úr forföllum og tryggja að þau séu leyst með öruggum hætti.
- Nýta teymiskennsluna til að skapa fjölbreytta kennsluhætti, sveigjanlega hópaskiptingu og til að efla markvissa samvinnu nemenda enn frekar.
- Tryggja enn frekar tengsl stjórnenda og teyma, s.s. með heimsóknnum í kennslustundir og þátttöku í teymisfundum.
- Kynna markvisst fyrir foreldrum stefnu skólans um teymiskennslu, markmið og tilgang.

## Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Hraunvallaskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Sérstaða skólans felst m.a. í því að hann er rekinn samkvæmt hugmyndafræði opins skóla og með skilgreindri teymisvinnu kennara. Leitast er við að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga með fjölbreyttum vinnubrögðum og fjölbreyttri stoðþjónustu en vissulega hamlar stærð skólans því að það geti orðið fullnægjandi að mati margra í rýnihópum.

### Styrkleikar í stjórnun

Stefna skólans, bæði einkunnarorð og sérstaða skólans er skýrt fram sett á heimasíðu. Sérstaðan felst ekki síst í „opnum skóla“ og teymiskennslu/parakennslu. Verkaskipting stjórnenda er skýr og miðlun upplýsinga þeirra á milli er regluleg.

Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans, sveitarfélags og aðalnámskrár og samræmi er milli hennar og umbótaáætlunar skóla. Skólanámskrá og starfsáætlun endurspeglar áherslu í skólastefnu sveitarfélagsins, þar koma fram þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá.

Skólaráð fundar reglulega og er virkur samráðsaðili í stefnumörkun skólans og fjallað er um markmið og hlutverk foreldrafélags í starfsáætlun skólans.

Samstarf í skólanum einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Leiðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag eru m.a. mótaðar í tengslum við SMT-skólafærni.

### Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Að stjórnendur fari reglulega í kennslustundir og veiti endurgjöf.
- Kjósa nemendur í skólaráð til tveggja ára í senn eins og reglugerð kveður á um.
- Vinna að því að kennarar samræmi hversu reglulega og hvers konar upplýsingar foreldrar fá í gegnum Mentor.
- Vinna að því að hafa heildar starfsmannafundi oft og leita leiða til að skipuleggja fundi þannig að þeir sem hlut eiga að máli geti tekið þátt í þeim.
- Huga að því að starfsmenn taki þátt í uppfærslu starfsáætlunar.
- Að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólanámskrár.
- Gæta þess að hafa nemendur með í ráðum þegar mótaðar eru almennar skólareglur.
- Halda áfram að leita allra leiða til að ráða kennara til starfa með lögbundna menntun.

### Styrkleikar í námi og kennslu

Skólanámskrá er skýrt fram sett og endurskoðuð reglulega. Þar eru grunnþáttum menntunar gerð skil í námsvísium. Með teymis- og paravinnu er mikið samstarf kennara innan árganga og fagleg ígrundun sem kemur námi nemenda til góða. Námsmat er fjölbreytt, tengist markmiðum náms og þörfum nemenda. Hæfniviðmið hafa verið innleidd í unglingadeild.

Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum og nemendur á unglingastigi eiga kost á fjölbreyttum valfögum. Lögð er áhersla á fræðslu um lýðræði m.a. í skólabyrjun á unglingastigi í viku auk þess sem leiðtogaþjálfun, hluti af samfélagsfræði á sama stigi, tengist því.

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og greiningar og skimanir nýttar til að finna þá sem þurfa sérstaka aðstoð. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu og skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.



### Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Kynna námsvísa vel fyrir nemendum og foreldrum svo þeir verði virkir í námi nemenda.
- Leita allra leiða til að auka árangur nemenda, m.a. á samræmdum könnunarprófum.
- Skoða allar leiðir til að minnka þrengsli í opnum rýmum svo betur megi koma til móts við fjölbreyttar og ólíkar þarfir nemenda.
- Hafa regluleg nemendasamtöl milli umsjónarkennara og nemenda á öllum skólastigum.
- Auka fjölbreytni kennsluhátta.
- Gera umræðum og skoðanaskiptum hærra undir höfði í náminu, m.a. til að leggja rækt við gagnrýna hugsun nemenda.
- Huga að því að auka samvinnu nemenda á öllum stigum.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og náms í heild sinni.
- Þróa áfram parakennslu og markvisst samstarf í kennslustundum út frá teymisvinnu kennara.
- Nýta upplýsingatækni á öllum stigum til að koma til móts við ólíkar þarfir og auka fjölbreytni.
- Leitast við að nemendur fái verkefni sem endurspeglu áhugasvið þeirra.

### Styrkleikar í innra mati

Fyrir liggur áætlun um innra mat yfirstandandi skólaárs og hún er birt í starfsáætlun. Í starfsáætlun er einnig fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf og þar er greinargerð um innra mat skólans á liðnu skólaári. Verkáætlun um umbætur í innra mati er í starfsáætlun skólans og fyrir liggur langtímaáætlun í umbótum til þriggja ára.

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagn í innra mati og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Allar áætlanir um innra mat og umbætur í kjölfar niðurstaðna eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.

### Tækifæri til umbóta í innra mati

- Gera langtímaáætlun um innra mat þar sem fram kemur að allir þættir skólanámskrár séu metnir reglulega.
- Skipa matsteymi þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila eiga aðild að, þ.e. stjórnendur, kennarar, annað starfsfólk, foreldrar og nemendur.
- Kynna niðurstöður úr innra mati formlega fyrir foreldrum og nemendum.
- Birta á heimasíðu umbótaáætlun skólans í heild sinni fyrir yfirstandandi skólaár.
- Tilgreina í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Geta þess í umfjöllun um innra mat skólans hverjir leiða það starf.

### Styrkleikar í teymisvinnu

Skólinn hefur innleitt teymisvinnu í öllum árgöngum og kennarar í list- og verkgreinum, íþróttum og sérkennslu vinna einnig saman í teymum. Verkáætlun fyrir teymisvinnuna hefur verið gerð til þess að styrkja samstarfið í teymunum. Í teymunum skapast tækifæri til umræðu og ígrundunar sem styrkir nám nemenda og auðveldara er að nýta hæfileika og ólíka styrkleika kennara fyrir fleiri nemendum. Verið er að þróa teymiskennslu sem parakennslu eða paraumsjón í 1.-7. bekk þar sem tveir umsjónarkennarar deila umsjónarábyrgð á tveimur bekkjum.

### Tækifæri til umbóta í teymisvinnu

- Hafa reglubundna fræðslu og ráðgjöf til kennara um teymisvinnu og teymiskennslu, sérstaklega fyrir nýliða.
- Tryggja eins og kostur er stöðugleika í störfum umsjónarkennara og leita leiða til að draga úr starfsmannaveltu.
- Leita leiða til að draga úr forföllum og tryggja að þau séu leyst með öruggum hætti.
- Nýta teymiskennsluna til að skapa fjölbreytta kennsluhætti, sveigjanlega hópaskiptingu og til að efla markvissa samvinnu nemenda enn frekar.
- Tryggja enn frekar tengsl stjórnenda og teyma, s.s með heimsóknnum í kennslustundir og með meiri þátttöku í teymisfundum.
- Kynna markvisst fyrir foreldrum stefnu skólans um teymiskennslu, markmið og tilgang.

## Frekari greining

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólánámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólabróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	


Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

## Greining kennslustunda

Matsmenn mátu 43 kennslustundir sem flestar voru metnar góðar. Nokkrar voru metnar þannig að einhverja mikilvæga þætti mætti bæta, ein kennslustund var metin frábær og tvær þóttu óviðunandi.

### Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.



Mynd 1. Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum..

Nemendur vinna einir í 81% af þeim kennslustundum sem metnar voru.

### Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í 26% kennslustundanna sem matsmenn heim sóttu. Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í 21% af þessum stundum.

### Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru- tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallaðar eru bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir og eru oft tengdar hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í *Hvítbók um umbætur í menntun*.


### Fræðari-bein kennsla

Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

### Leiðbeinandi-hugsmíðahyggja

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. einnig leggur hann áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin


lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.



Mynd 2. Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.

Í 84% kennslustunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi, sem einkennast af beinni yfirfærslu.

### Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara



Mynd 3. Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.

Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.

## Heimildir

*Aðalnámskrá grunnskóla*: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla*: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá leikskóla* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hafnarfjarðarbær. Slóðin er:

<http://www.hafnarfjordur.is>

Hraunvallaskóli. Slóðin er:

<http://www.hraunvallaskoli.is>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007–2020*.

Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

*Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. *Sjálfsmat skóla*. Slóðin er:

[http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm\\_skola\\_97.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf)

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Slóðin er:

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/897-2009>

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Slóðin er:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=a2ce9f38-25e2-4cdf-9ceb-db345e791f80>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.

